

Sjóferð um sundin

Lýsing

Sjóferðum sundin er vorferð með leiðsögn og fræðslu um lífríki Faxaflóa og hafnarstarfsemi Faxaflóarhafna. Siglingin er ætluð grunnskólabörnum sveitarfélaga Faxaflóahafna og er samvinnuverkefni *Faxaflóarhafna og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins* í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækið *Special Tours*.

Sjóferð þessi hefur staðið grunnskólanemendum til boða í yfir tvo áratugi og veitt nemendum, í Reykjavík, Akranesi, Hvalfjarðarsveit og Borgarnesi, tækifæri til að fræðast um lífríki Faxaflóa og hafnarstarfsemi Faxaflóahafna.

- ✓ Mæting er hjá bækistöðvum [Special Tours](#), Geirsgötu 11.
- ✓ Dagskráin tekur alls **90 mínútur**, þar af **50 mínútur út á sjó**.
- ✓ **Báturinn tekur alls 63 manns**. Lágmarksfjöldi fyrir hverja brottför er 30 manns. Um borð geta verið hópar frá nokkrum skólum.

Bókanir

Bókað er í ferðir, ***eftir stærð hópa***, á [heimasíðu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins](#). Til að hámarka nýtni bátsferða, áskilur Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn sér rétt til að gera breytingar á bókun í samstarfi við skólana.

Bátsferðir eru háðar veðri og sjólagi og geta því fallið niður eða breyst með stuttum fyrirvara. Mikilvægt er að hægt sé að ná í ***tengilið hópsins*** skömmu fyrir bókaðan ferðatíma.

Öryggi

- ✓ **Fjöldi starfsfólks**: Vinsamlega gætið þess að nægt starfsfólk fylgi nemendahópnum í ferðina. Gert er ráð fyrir a.m.k. einum starfsmanni skóla á hverja 30 nemendur, auk viðeigandi stuðnings.
- ✓ **Hlutverk starfsfólks í ferð**: Starfsmenn skóla bera ábyrgð á hóp sínum á meðan ferð stendur. Hlutverk starfsmanna skóla er að hafa augu á hópnum, tryggja að nemendur fari eftir fyrirmælum og vera starfsfólki *Sjóferðar um sundin* til aðstoðar, sé þess óskað.
- ✓ **Fyllsta öryggis er ávallt gætt um borð**.

Seinkun komu hóps

Mikilvægt er að hópar mæti tímanlega. Öll seinkun stýttir siglingu á sjó. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að bátur geti beðið eftir hópi sem mætir of seint.

Seinki hópnum af einhverjum ástæðum skal kennari hafa samband við **Special Tours** í síma **560-8800**.

Hlökkum til að sjá ykkur vel klædd til útiveru og hafið í huga að það er kaldara til sjós en á landi,

Starfsfólk Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og Faxaflóahafna

namskeid@husdyragardur.is